



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

153. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja, haldinn
14. mars, 1990.

Fundinn sátu eftirtaldir:

Guðmundur Björnsson, formaður, Bogi Hallgrímsson, Magnús Ó. Ingvarsson, Þorsteinn Magnússon, Guðjón Kristjánsson, Jón Sæmundsson í forföllum Gísla Torfasonar og Elsa Kristjánsdóttir í forföllum Sigríðar Jóhannesdóttur. Einnig sat fundinn skólameistari, Egir Sigurðsson.

Á dagskrá voru eftirtaldir liðir:

1. Fall á prófum á síðustu haustönn
2. Hlutverk skólanefndar
3. Húsnæðismál
4. Fjárlagagerð
5. Önnur mál

1. Dreift var yfirliti um fall á prófum haustin 1988 og 1989, sem tekið var saman að beiðni menntamálaráðuneytisins og vegna umræðna á fundi skn. þann 31. janúar 1990. Talið var að ekki væru marktækar breytingar á falli á milli ára. Skólameistari upplýsti að tölur væru svipaðar í Fjölbrautaskóla Suðurlands og í Flensborg. Fram kom að ráðuneytið væri að draga saman upplýsingar um þessi mál.

2. Rætt var um hlutverk skólanefndarinnar. Dreift var ljósriti af hluta reglugerðar um framhaldsskóla, sem gekk í gildi þann 1. mars, en hefur ekki verið gefin út enn. Nokkrar umræður urðu um 15. grein hennar, sem kveður sérstaklega á um hlutverk skólanefnda. Meðal annars var rætt um fjárlagagerðina. Jón Sæmundsson sagði frá fjárlagagerð síðasta árs. Fram kom að ýmis gögn vantaði frá fjármálaráðuneyti ennþá og væri því ekki mikið um fjárlagagerð sem slíka að segja á þessu stigi málsins.

3. Um húsnæðismál urðu nokkrar umræður. Guðmundur Björnsson vísaði í skýrslu um húsnæðisþörf skólans frá ágúst 1987. Einnig sagði hann frá viðræðunefnd á vegum SSS til að fjalla um þessi mál, en í henni eiga sæti Vilhjálmur Grímsson, Ellert Eiríksson og Eðvald Bóasson. Taldi hann brýnt að skólanefnd ræddi við þessa nefnd sem fyrst. Einnig kom fram það sjónarmið að tími til viðræðna við þessa nefnd væri skammur vegna kosninga sem fara í hönd. Almenn álit var að stefna bæri að byggingu nýs skólahúss frá grunni og að ekki yrðu vandræði með hlutverk fyrir núverandi skólahúsnæði, t.d. var nefnt safnahús og vistheimili fyrir aldraða.

4. Undir liðnum Fjárlagagerð var dreift reikningsuppgjöri ársins 1989 til kynningar. Jón Sæmundsson fjármálastjóri kynnti reikningana. Engar umræður urðu um þá sem slíka.

5. Önnur mál:

Skólameistari ræddi að móta þyrfti stefnu varðandi það hvernig skyldi flokka þá sem sækjast eftir afnotum af skólahúsnæðinu umfram það sem fram kemur í reglugerð, hvað varðar gjaldtöku fyrir afnotin. Taldi hann rétt að innheimta lága eða enga leigu fyrir ýmsa menningarstarfsemi. Sagði hann frá því að óformlega hefði verið falast eftir afnotum af húsnæðinu eina helgi í sumar vegna móts á vegum sundsambandsins. Hlaut það jákvæðar undirtektir.

Tekið var fyrir bréf frá HJV (Halldór Jónsson / Vogafell hf.), þar sem farið var fram á að Fjölbrautaskóli Suðurnesja greiddi helming kostnaðar af ferð og námskeiði hársnyrtifólks fyrir Svanhildi Kjær kennara. Býðst fyrirtækið til að greiða helming kostnaðar sem sagður er 82 þús. kr. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Rætt var um verðhækkanir á afnotum af sölum íþróttahússins. Verð annars hefur hækkað upp 20% en hins upp 60%. Var skólameistara falið að kanna málið.

Ægir sagði frá Fósturliðabraut, sem samþykkt var af fyrri skólanefnd. Nemar yrðu í störfum undir umsjón réttindafóstru. Laun yrðu greidd af viðkomandi sveitarfélagi. Enn hefur ekki verið gengið frá neinum samningum um þessi mál. Samþykkt var að halda málinu vakandi.

Sagt var frá að bréf hefði verið sent til menntamálaráðuneytis varðandi sjálfstæði skólans í fjárfari. Óskað var samnings við ráðuneytið með vísun í lög. Svar hefur ekki borist en beiðnin verður ítrekuð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Magnús Ó. Ingvarsson
fundarritari


Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar